



**180. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 4. janúar 2011 kl. 16:00.**

**Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Helga H. Magnúsdóttir, Örn Andrússon, Sigríður Jónsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Ingibjörg Bergrós Jóhannsdóttir 1. varamaður, Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður, Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.**

**Forföll: Friðrik Einarsson og Helgi Sigurðsson.**

### **1. Íþróttaping ÍSÍ**

70. Íþróttaping ÍSÍ verður haldið í Gullhömrum 8.-9. apríl nk. Á síðasta Íþróttapingi var samþykktur nýr útreikningur á fjölda þingfulltrúa og samkvæmt þeim útreikningi eiga sérsamböndin rétt á 94 fulltrúum og héraðssambönd/íþróttabandalög rétt á 94 fulltrúum. Til viðbótar koma fjórir fulltrúar ungra íþróttamanna.

### **2. Íþróttamaður ársins**

Á morgun, 5. janúar, fer fram sameiginlegt hóf ÍSÍ og SÍ þar sem afhending viðurkenninga til íþróttamanna og kvenna sérsambanda ÍSÍ fer fram og niðurstaða kjörs um Íþróttamann ársins verður tilkynnt. Forseti Íslands hefur staðfest komu sína á hófið.

### **3. Lottóskipting**

Gjaldkeri fór yfir tillögu að skiptingu lottófjár til sérsambanda ÍSÍ. Nýtt sérsamband, Kraftlyftingasamband Íslands, var stofnað á síðasta ári og breytist útreikningur m.a. með tilliti til þess. Engar athugasemdir voru gerðar við tillöguna og tillagan samþykkt.

### **4. Heiðursráð ÍSÍ**

Hafsteinn Pálsson formaður Heiðursráðs ÍSÍ fór yfir tillögur að nýjum heiðursmerkum ÍSÍ og tillögur að breytingum á Reglugerð ÍSÍ um heiðursveitingar.

Nokkrar umræður urðu um málið. Heiðursráði falið að útfæra nánar úthlutunarreglur varðandi merkin.

Rætt um möguleika á stofnun „Frægðarhallar ÍSÍ“ (Hall of Fame), í tengslum við afmæli ÍSÍ á næsta ári. Umfjöllun um málið frestað þar til Heiðursráð ÍSÍ er búið að vinna drög að fjárhagsáætlun verkefnisins í samvinnu við gjaldkera og framkvæmdastjóra.

### **5. Fundargerðir**

Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 179. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráðs frá 4.1.2011
- Lyfjaeftirlitsnefndar frá 13.12. 2010
- Afrekssjóðs frá 28.12. 2010

#### **Eftirtaldar styrkveitingar úr Afrekssjóði ÍSÍ samþykktar:**

- *Samþykkt að veita SSÍ vegna Jakobs Jóhanns Sveinssonar styrk að upphæð kr. 150.000 vegna æfingaferðar 2010.*
- *Samþykkt að veita BLÍ styrk að upphæð kr. 300.000 vegna þátttöku landsliðs BLÍ í strandblaki í forkeppni fyrir ÓL 2012.*

*Eftirtaldar styrkveitingar úr Sjóði ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna samþykktar:*

- *Samþykkt að veita ÍHÍ styrk að upphæð kr. 250.000 vegna þátttöku U-20 landsliðs karla í íshokki á HM.*
  - Fjármálaráðs frá 29.12.2010

## **6. Viðburðir framundan**

Farið yfir viðburði sem framundan eru.

Árlegt kynningarátak vegna Lífshlaupsins, verkefni Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ, mun hefjast 3. febrúar nk.

Reykjavíkurlaikarnir, Reykjavík International Games, verða settir 13. Janúar nk. Í tengslum við leikana verða haldnir fræðslufyrirlestrar af ýmsum toga. Fræðslusvið ÍSÍ er í samstarfi við ÍBR vegna fræðsluviðburða í tengslum við leikana, m.a. með því að kosta erlendan fyrirlesara til landsins.

## **7. Ólympísk verkefni**

Framkvæmdastjóri skýrði frá stöðu ólympískra verkefna.

### **EYOWF Lieberec**

Skíðasamband Íslands og Skautasamband Íslands hafa tilnefnt keppendur á Vetrarólympíuhátíð æskunnar sem haldin verður í Lieberec í febrúar nk.

Tilnefningar SKÍ eru eftirfarandi:

### **Stúlkur, alpagreinar:**

Erla Ásgeirsdóttir, Breiðabliki  
Freydís Halla Einarsdóttir, Ármanni  
Lovísa Mjöll Guðmundsdóttir, Ármanni  
Helga María Vilhjálmsdóttir, ÍR

### **Drengir, alpagreinar:**

Einar Kristinn Kristgeirsson, ÍR  
Róbert Ingi Tómasson, Skíðafélagi Akureyrar  
Sturla Snær Snorrason, Ármanni  
Jakob Helgi Bjarnason, Skíðafélagi Dalvíkur

Þjálfari í alpagreinum: Arnór Karl Gunnarsson.

### **Drengir, ganga:**

Sindri Freyr Kristinsson, Skíðafélagi Akureyrar  
Gunnar Birgisson, Skíðagöngufélaginu Ulli

Þjálfari í göngu: Daníel Jakobsson.

Skautasamband Íslands tilnefnir Heiðbjörtu Arneyju Höskuldsdóttur til keppni í listdans í skautum.

## **EYOF 2011**

Undirbúningur á tíma.

### **Smáþjóðaleikar 2011**

Undirbúningur á tíma. Nú hefur borist yfirlit yfir forskráningu allra þjóðanna og verið er að skoða þær með tilliti til lágmarksfjölda í keppnisgreinum. Aðalfararstjórafundur verður haldinn 7.-9. apríl nk.

## **London 2012**

Undirbúningur í eðlilegum farvegi.

## **8. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Samþykkt að halda næsta fund framkvæmdastjórnar 3. febrúar nk. Möguleiki er á að kallað verði til aukafundar til að staðfesta úthlutanir Afrekssjóðs síðar í janúar.

## **9. Önnur mál**

### **Bréf Tryggva E. Geirssonar endurskoðanda ÍSÍ**

Tekið fyrir bréf Tryggva E. Geirssonar endurskoðanda ÍSÍ þar sem farið er yfir ábyrgðarhlutverk endurskoðanda og ÍSÍ.

Hallgrímur Þorsteinsson og Tryggvi E. Geirsson voru kjörnir endurskoðendur ÍSÍ á síðasta Íþróttáþingi ÍSÍ. Hallgrímur hefur á undanförunum árum verið aðalendurskoðandi ÍSÍ en Tryggvi mun nú taka við því hlutverki fyrir árið 2010.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.  
Halla Kjartansdóttir, fundarritari